AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi á Grund, Skorradalshreppi.

Ný deiliskipulagssvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps 29. október 2000 nýtt deiliskipulag af íbúðabyggð í landi Grundar, Skorradalshreppi í Borgarfirði.

Um er að ræða annars vegar íbúðabyggð við Andakílsá, nálægt landamerkjum Hálsa og hins vegar nærumhverfi bæjarins Grundar.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagssvæði þessi öðlast þegar gildi.

Akranesi, 14. febrúar 2001.

Bjarni O. V. Þóroddsson byggingafulltrúi.

Nr. 159 30. janúar 2001

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Djúpavogshreppi árið 2001.

Samkvæmt 5. gr. samþykkta um sorphirðu í Djúpavogshreppi frá 30. júní 1999, hefur sveitarstjórn Djúpavogshrepps ákveðið gjald fyrir sorphirðu kr. 5.200 fyrir hverja tunnu og sorpeyðingargjald kr. 3.800 fyrir hverja tunnu.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Djúpavogi, 30. janúar 2001.

Ólafur Ragnarsson sveitarstjóri.

Nr. 160 30. janúar 2001

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Djúpavogshreppi árið 2001.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 7.600 fyrir hvern hund á árinu 2001.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí 2001.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.600 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 7.100 ef til handsömunar kemur aftur.